

Frá ritstjórum

Þriðji árgangur *Íslenzka þjóðfélagsins*, tímarits Félagsfræðingafélags Íslands, birtist nú lesendum. Að þessu sinni birtir tímaritið fimm greinar. Efni almenns fræðitímarits á borð við *Íslenzka þjóðfélagið* endurspeglar þær áherslur sem efstar eru á baugi í fræðasamfélaginu á hverjum tíma.

Í grein sinni fjallar Gyða Margrét Pétursdóttir um ólíkan kvenleika innan áru jafnréttis. Kvenleikinn er félagslega mótaður og birtist með ólíkum hætti í ólíkum aðstæðum. Gyða fjallar hér um birtingarmyndir styðjandi kvenleika, systurhugtak ráðandi karlmennsku, á vinnumarkaði og í einkalífi. Andstæða styðjandi kvenleika; mengandi kvenleiki, er greindur og skoðað hvernig bæði hugtökin tengjast áru kynjajafnréttis með ólíkum hætti. Greiningin byggir á umfangsmikilli eigindlegri rannsókn á þremur sviðum á vinnumarkaði. Niðurstöður eru þær að styðjandi kvenleiki er ein af forsendum þess að hægt er að dvelja innan áru kynjajafnréttis á meðan mengandi kvenleiki spillir sambandi ráðandi karlmennsku og styðjandi kvenleika og er litinn hornauga en getur þrátt fyrir það stuðlað að kynjajafnrétti í raun.

Birtingarmyndir kyngervis og þversagnir í markaðsefni íslenskrar ferðabjónustu er inntak næstu greinar, sem rituð er af Dominic Alessio, Edward H. Huijbens, Önnu Lísu Jóhannsdóttur og Lusine Margaryan. Í greininni er kynningarefni íslenskrar ferðabjónustu tekið til skoðunar og horft sérstaklega á stöðu kvenna og byggt á umræðu um kyngervi og ímyndir í rannsóknum í ferðamállum. Það sem kemur í ljós er þversögn, þar sem konur eru að jafnaði settar fram sem kynverur, tilbúna til neyslu fyrir hinn erlenda karlkyns ferðalang, hjá norrænni þjóð sem stærir sig af jafnrétti kynjanna. Í lok greinarinnar er bent á að markaðsfólk íslenskrar ferðabjónustu getur aukið vitund fólks um jafnréttismál og mögulega grafið undan ríkjandi orðræðu feðraveldisins, sem virðist viðhalda þeim þversögnum sem lýst er af birtingarmyndum kvenna í markaðsefni.

Þórólfur Þórlindsson beinir sjónum að því hvað félagsfræðingar geti lært af kvikmynd Sams Peckinpahs, *The Wild Bunch*. Hann telur að hún gefi athyglisverða lýsingu á makróstigssíðrofi í anda Durkheims, auk þess sem þar sé að finna lýsingu á því hvernig samfélag síðrofs og upplausnar býður upp á frelsi til myndunar jaðarhópa sem lúta að einhverju leyti sínum eigin lögmálum. Félagslegur veruleiki þeirra mótast í augliti til auglits samskiptum fólks í samfélagslegu tómarúmi. Félagsálfræði hópsins tengist samt sem áður alltaf makrógerð samfélagsins beint eða óbeint. Þórólfur telur að lýsing Peckinpahs á félagsálfræði hópsins minni um margt á kenningar Meads og Goffmans. Einnig er fjallað um það hvernig þetta samfélag upplausnar og síðrofs ýtir undir ákveðna tegund af tilvistareinstaklingshyggju. Útlagarnir vilja vera fagmenn, það er gera hlutina vel og rétt. Þeir vilja einnig vera sjálfum sér samkvæmir. Þeir taka áhættu og lifa á mörkum lífs og dauða.

Viðhorf almennings og stjórnarmanna til kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja og hindranir á leið kvenna til stjórnunarstarfa eru viðfangsefni greinar Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur og

Margrétar Þorvaldsdóttur. Greinin byggir á þremur gagnasöfnum; símakönnun byggð á þjóðarúrtaki, spurningalistakönnun meðal stjórnenda og viðtölum við stjórnendur og stjórnarformenn. Niðurstöðurnar sýna að þótt almenningur og stjórnendur telji að fjölga þurfi konum við æðstu stjórnun fyrirtækja, er mikill munur á viðhorfum kynjanna til kynjakvotalaganna og hugmyndir þeirra um ástæður þess að fáar konur koma að æðstu stjórnun fyrirtækja. Þar sem Ísland er annað landið í heiminum til að setja lög um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja er mikilvægt að rannsaka þróun mála hér og meta hvort slíkir kynjakvótar séu vænlegt skref í átt til aukins kynjajafnvægis.

Í síðustu grein tímaritsins að þessu sinni velta Jónas Orri Jónasson og Helgi Gunnlaugsson fyrir sér hverjir það séu sem helst óttist afbrot á Íslandi. Rannsóknargögnin byggja á netmælingu sem framkvæmd var í byrjun árs 2012 og á eldri mælingum frá tímabilinu 1989-2002. Jafnframt er stuðst við alþjóðlega mælingu á öryggiskennd (ICVS) sem Ísland tók þátt í. Helstu niðurstöður eru þær að sömu þættir virðast hafa áhrif á öryggiskennd Íslendinga og fundist hafa erlendis. Konur, eldra fólk og íbúar á höfuðborgarsvæðinu óttast afbrot frekar en aðrir og aukin menntun virðist draga úr ótta. Öryggi Íslendinga mælist hátt í samanburði við aðrar þjóðir og hefur aukist frá því fyrsta mælingin var framkvæmd árið 1989.

Fræðitímarit eins og *Íslenska þjóðfélagið* væri óhugsandi án dugandi ritrýna. Margir hafa lagt hönd á plóg síðan tímaritið hóf göngu sína. Við viljum færa þeim okkar bestu þakkir fyrir gott og óeigingjarnt starf.

Greinar *Íslenska þjóðfélagsins* birtast rafrænt um leið og þær eru tilbúnar og árgangurinn er prentaður í árslok. Greinarnar birtast á heimasíðu tímaritsins (www.thjodfelagid.is), í tímaritagrunni Directory of Open Access Journals (DOAJ), og munu innan skamms einnig birtast hjá EBSCOhost global databases. Slík dreifing gerir að verkum að greinarnar fara víða og margir lesa þær. Á þessari stundu hafa þær greinar sem mest eru sóttar verið skoðaðar tæplega 1.500 sinnum og þess eru dæmi að grein hafi verið skoðuð á annað hundrað skipti nokkrum dögum eftir rafræna birtingu.

Ljóst er að þær greinar sem hér birtast endurspeгла í senn breidd félagsfræðinnar á Íslandi og næmni hennar á málefni líðandi stundar. Tímaritið birtir greinar eftir rótgróna jafnt sem upprennandi fræðimenn og gerir ólíkum aðferðafræðilegum og kenningarlegum hefðum jafnhátt undir höfði. Síaukinn fjöldi handrita sem tímaritinu berst bendir til þess að tímaritið eigi bjarta framtíð fyrir höndum.

Ingi Rúnar Eðvarðsson

Þóroddur Bjarnason